

GAMMA Capital Management hf.

Ársreikningur 2019

GAMMA Capital Management hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Kt. 530608-0690

Efnisyfirlit

	Bls.		Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Ársreikningur fjárfestingarsjóða	27
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Rekstrarreikningur	28
A-hluti		Efnahagsreikningur	29
Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. ..	6	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	30
Rekstrarreikningur	7	Skýringar	31
Efnahagsreikningur	8	Ársreikningur fjárfestingarsjóðsins GAMMA: Global Invest (EUR)	38
Sjóðstreymsyfirlit	9	Rekstrarreikningur	39
Skýringar	10	Efnahagsreikningur	40
Yfirlýsig um stjórnarhætti, óendurskoðuð	16	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	41
B-hluti		Skýringar	42
Ársreikningur verðbréfasjóða	19		
Rekstrarreikningur	20		
Efnahagsreikningur	21		
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	22		
Skýringar	23		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur GAMMA Capital Management hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða í samræmi við lög um fjármálaufyrirtæki.

Ársreikningi félagsins er skipt í two hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning, móðurfélags- og samstæðu fyrir árið 2019 og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða GAMMA Capital Management. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitini.

Þann 6. mars 2019 samþykkti samkeppniseftirlitið kaup Kviku banka hf. á GAMMA Capital Management hf. Frá þeim tíma er samstæða GAMMA því hluti af samstæðu Kviku.

Þann 28. febrúar 2019 seldi félagið móðurfélagi sínu, Kviku banka hf., starfsemi sína í Bretlandi. GAMMA Capital Management Ltd. er því ekki lengur hluti af samstæðu GAMMA Capital Management hf. í árslok 2019.

Á árinu 2019 voru tveir verðbréfasjóðir, sex fjárfestingarsjóðir og 43 fagfjárfestasjóðir í rekstri hjá féluginu. Eignir í stýringu í lok árs námu 101 ma.kr. (2018: 135 ma.kr.) Sjö sjóðir í rekstri félagsins eru í slitameðferð, fjárfestingarsjóðirnir GAMMA: Total Return Fund og GAMMA: Global Invest og fagfjárfestasjóðirnir GAMMA: AGRI, GAMMA: EQ1, GAMMA: GEO, GAMMA: Helios og GAMMA: Vatnsfall. Sjö sjóðir voru fluttir úr rekstri félagsins yfir til Júpiter rekstrarfélags hf. á árinu 2019. Þá voru fimm sjóðir fluttir úr rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf. til félagsins á árinu. Í árslok var einn verðbréfasjóður, tveir fjárfestingarsjóðir og 39 fagfjárfestasjóðir í rekstri hjá féluginu.

Á árinu störfuðu að meðaltali 16 starfsmenn hjá samstæðunni. Í árslok voru starfsmenn samstæðunnar 11 talsins. Vísað er í skýringu 2 um laun stjórnar og framkvæmdastjóra.

Tap varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2019 að fjárhæð 316,3 millj.kr. samkvæmt niðurstöðu rekstrarreiknings. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2019 nam 1.610,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálaufyrirtæki, var 55,8% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%. Útgefið hlutafé félagsins í árslok nam 31,6 millj. kr. og skiptist á two hluthafa, en í ársbyrjun skiptist það á níu hluthafa. Eignarhlutir í árslok 2019 greinast þannig:

	Hlutir
Kvika banki hf	31.658.164
M-investments ehf	1
GAMMA Capital Management hf., eigin hlutir	2.200.835
Samtals útgefið hlutafé	33.859.000

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórn félagsins hefur leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðlu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira.

Stjórn og framkvæmdastjóri GAMMA Capital Management hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2020

Stjórn:


Arnor V. Agustsson
Chairman
of the Board

Framkvæmdastjóri:


Mervi Ásleena

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í GAMMA Capital Management hf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu og móðurfélags GAMMA Capital Management hf. („samstæðan og móðurfélagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningur er í tveimur hlutum; A-hluta sem er samstæða og rekstrarfélagið og B-hluti sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar, móðurfélagsins og sjóðanna 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningi móðurfélags og samstæðu

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreiknings móðurfélags og samstæðu í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið eða samstæðuna upp eða hætta starfseminni, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjólega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningi móðurfélags og samstæðu hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeiri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar eða móðurfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna og félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings móðurfélags og samstæðu í heild, að meðtoldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi móðurfélags og samstæðu eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2020

KPMG ehf.


Thorsteinn S. Gígursson
Jón Ásmund Óskarsson

GAMMA Capital Management hf.

Ársreikningur 2019
móðurfélag og samstæða

GAMMA Capital Management hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Kt. 530608-0690

Rekstrarreikningur fyrir árið 2019

	Skýr.	samstæða 2019	samstæða 2018	móðurfélag 2019	móðurfélag 2018
Rekstrartekjur					
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	1c	574.621	1.301.568	565.773	1.291.168
Aðrar tekjur		184.514	36.315	184.544	19.677
Fjármunatekjur	4	3.399	79.692	3.389	76.657
Heildartekjur		762.534	1.417.575	753.706	1.387.502
Fjármagnsgjöld	4	(253.551)	(128.832)	(260.585)	(132.896)
Hreinar rekstrartekjur		508.983	1.288.743	493.120	1.254.606
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld	2	454.222	678.488	412.154	643.091
Annar rekstrarkostnaður		433.963	330.456	371.710	287.690
Rekstrargjöld samtals		888.185	1.008.944	783.864	930.781
(Tap) hagnaður fyrir afkomu vegna dótturfélaga....		(379.202)	279.799	(290.743)	323.825
Hlutdeild í afkomu og niðurfaersla dótturfélaga		0	(483.138)	(84.960)	(527.164)
Tap fyrir tekjuskatt		(379.202)	(203.339)	(375.703)	(203.339)
Tekjuskattur	3	62.876	(64.863)	59.377	(64.863)
Tap ársins	9	(316.326)	(268.203)	(316.326)	(268.203)

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	samstæða 2019	samstæða 2018	móðurfélag 2019	móðurfélag 2018
Eignir					
Rekstrarfjármunir					
Fasteign		375.683	383.813	375.683	383.813
Innréttigar, áhöld, tæki, listmunir		136.044	169.845	135.482	164.102
	1d, 5	511.727	553.657	511.165	547.915
Aðrar langtímaeignir					
Langtímakröfur á sjóði	6	759.491	1.611.522	759.491	1.611.522
Veltufjármunir					
Kröfur á sjóði	1e	897.543	388.643	897.248	388.643
Kröfur á aðra tengda aðila	14	256.689	74.747	257.594	74.305
Aðrar eignir og fyrirfram greiddur kostnaður	1e	133.781	95.026	130.133	42.991
Verðbréf með breytilegum tekjum	1f,7	204.831	880.614	203.581	866.990
Handbært fé	1g	87.514	157.315	87.111	139.603
		1.580.357	1.596.345	1.575.667	1.512.532
	Eignir samtals	2.851.576	3.761.524	2.846.324	3.671.968
Eigið fé					
Hlutafé	8	31.659	31.659	31.659	31.659
Yfirverðsreikningur hlutafíjár		58.984	58.984	58.984	58.984
Lögbundinn varasjóður		8.465	8.465	8.465	8.465
Gangvirðisreikningur		32.225	204.852	32.225	204.852
Sérstakur endurmatsreikningur		137.989	140.805	137.989	140.805
Óráðstafað eigið fé		1.341.261	1.482.145	1.341.261	1.482.145
	Eigið fé samtals	9,10	1.610.583	1.926.910	1.926.910
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Tekjuskattskuldbinding	1h,3	191.632	387.323	191.632	387.323
Aðrar langtímaskuldbindingar		33.283	33.283	33.283	33.283
		224.915	420.606	224.915	420.606
Skammtímaskuldir					
Vaxtaberandi skuldir	11	663.504	1.078.333	663.504	1.078.333
Ógreiddur tekjuskattur	3,12	136.314	28.518	136.314	28.518
Aðrar skammtímaskuldir		216.260	307.158	211.007	217.602
		1.016.077	1.414.008	1.010.825	1.324.453
	Skuldir og skuldbindingar samtals	1.240.992	1.834.614	1.235.740	1.745.058
	Eigið fé og skuldir samtals	2.851.576	3.761.524	2.846.324	3.671.968

Sjóðstremisyfirlit ársins 2019

	Skýr.	samstæða 2019	samstæða 2018	móðurfélag 2019	móðurfélag 2018
Rekstrarhreyfingar					
Afkoma ársins	9	(316.326)	(268.203)	(316.326)	(268.203)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:					
Afskriftir	5	41.929	28.973	36.750	28.835
Hlutdeild í afkomu og niðurfærsla dótturfélaga		0	483.138	84.960	527.164
Áfallnir vextir lána		21.038	78.334	21.038	78.334
Langtímakröfur, hækkan (lækkun)		852.030	(168.576)	852.030	(168.576)
Gengisbreyting verðbréfaeignar		78.504	(35.715)	77.254	(35.715)
Aðrar langtímaskuldbindingar		0	25.893	0	25.893
Tekjuskattur		(59.377)	65.920	(59.377)	65.920
Veltufé frá rekstri		617.798	209.764	696.328	253.652
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:					
Skammtímakröfur, hækkan		(771.540)	(192.204)	(819.752)	(239.907)
Skammtímaskuldir, lækkun		(66.346)	(116.778)	(37.699)	(56.452)
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		(837.886)	(308.982)	(857.452)	(296.359)
Handbært fé til rekstrar		(220.088)	(99.217)	(161.123)	(42.706)
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		0	(14.721)	0	(14.721)
Lán til tengdra félaga		0	(311.095)	(41.656)	(370.482)
Fjárfesting í verðbréfasjóum		(44.369)	(32.125)	(44.369)	(32.125)
Seld verðbréf		630.524	118.645	630.524	118.645
Fjárfestingarhreyfingar		586.155	(239.296)	544.499	(298.683)
Fjármögnunarhreyfingar					
Tekin ný lán		730.000	1.000.000	730.000	1.000.000
Afborganir langtímalána		(87.534)	(285.884)	(87.534)	(285.884)
Skammtímalán		(1.078.333)	(300.072)	(1.078.333)	(300.072)
Fjármögnunarhreyfingar		(435.867)	414.044	(435.867)	414.044
Breyting handbærs fjár		(69.800)	75.531	(52.492)	72.655
Handbært fé í ársbyrjun		157.315	66.948	139.603	66.948
Handbært fé vegna samruna		0	14.836	0	0
Handbært fé í árslok	1g	87.514	157.315	87.111	139.603

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Almennar upplýsingar

GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. skiptist í two hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins og B-hluti nær til verðbréfasjóða, fagfjárfestasjóða og fjárfestingarsjóða félagsins. Í árslok 2019 var GAMMA Capital Management hf. með einn verðbréfasjóð, two fjárfestingsjóði og 39 fagfjárfestasjóði í rekstri.

b. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. (GAMMA), A og B hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu nema hvað verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Þann 28. febrúar 2019 seldi félagið móurfélagi sínu starfsemi sína í Bretlandi. GAMMA Capital Management Ltd. er því ekki lengur hluti að samstæðunni í árslok 2019.

Þann 6. mars 2019 samþykkti samkeppniseftirlitið kaup Kviku banka hf á GAMMA Capital Management hf. Frá þeim tíma er samstæða Gamma því hluti af samstæðu Kviku.

c. Umsýsluþóknun og árangurstengdar þóknanir

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða GAMMA Capital Management, svo sem eignastýringu, sölu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina, reikningshald sjóðanna, vörluþóknun og umsýslu. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Að auki fær félagið árangurstengdar þóknanir sem tekur mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið. Kröfurnar eru því ekki til greiðslu fyrir en við slit sjóða (ef forsendar fyrir slíkri greiðslu eru þá fyrir hendi) og geta bæði hækkað og lækkað eftir ávöxtun sjóðanna.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fasteignir félagsins eru metnar til gangvirðis í lok hvers tímabils. Gangvirðismat er unnið af óháðum aðila. Endurmatsþækkun fasteigna er færð til hækunar á bókfærðu verði og á móti endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa endurmats á frestaðan tekjuskatt. Endurmatsreikningur er leystur upp með mótbókun á óráðstafað eigið fé í takt við afskrift endurmats í rekstrarreikningi eða að fullu ef viðkomandi eign er seld. Ef endurmetið verð er lægra en afskrifað kostnaðarverð viðkomandi eigna á endurmatsdegi er sá hluti endurmatsreiknings sem tilheyrir eigninni færður út að fullu á móti lækkun á bókfærðu verði viðkomandi fasteignar. Lækkun gangvirðis fasteignar umfram afskrifað kostnaðarverð er færð sem virðisýrnun í rekstrarreikningi. Hækkan gangvirðis á síðari tímabilum er færð í rekstrarreikning að afskrifuðu kostnaðarverði á þeim tíma sem hækjunin verður en nemi hækjunin hærri fjárhæð er það sem umfram er fært á endurmatsreikning. Endurmat er fært brúttó og því er endurmatshækkunum og endurmatslækkunum fasteigna ekki jafnað saman. Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði.

Árlegt afskriftarhlutfall eigna er þannig:

Fasteignir	2%
Innréttigar	10%
Húsbúnaður, áhöld og tæki	20%
Tölvubúnaður	25%
Listmunir	0%

e. Kröfur á sjóði og aðrar eignir

Kröfur á sjóði, aðrar kröfur og fyrirfram greiddur kostnaður eru færð á nafnvirði að frádreginni áætlaðri niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast.

f. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutdeildarskírteini í sjóðum og eru færð á síðasta skráða gengi ársins.

Skýringar, frh.:

g. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá innlásstofnunum.

h. Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattur á hagnað innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll.

i. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Lántökukostnaði er dreift miðað við virka vexti.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	samstæða 2019	samstæða 2018	móðurfélag 2019	móðurfélag 2018
Laun	380.907	541.261	341.876	518.093
Launatengd gjöld	73.315	137.227	70.278	124.999
Laun og launatengd gjöld samtals	454.222	678.488	412.154	643.091
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	16	22	15	20
Laun, hlunnindi og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnenda félagsins greinast þannig:			2019	2018
Máni Atlason, framkvæmdastjóri*			8.357	0
Valdimar Ármann, fyrrv. framkvæmdastjóri*			51.321	41.600
Andri Vilhjálmur Sigurðsson, stjórnarformaður			4.994	0
Hlíð Sturludóttir, fyrrv. stjórnarformaður og núverandi stjórnarmaður			6.634	9.100
Anna Rut Ágústsdóttir, fyrrv. stjórnarmaður			3.178	0
Gunnar Sturluson, fyrrv. stjórnarmaður			1.951	4.200
Sveinn Blering, fyrrv. stjórnarmaður			1.951	5.390
			78.386	60.290

* Máni Atlason tók við starfi framkvæmdastjóra félagsins í lok september 2019 þegar Valdimar Ármann fyrverandi framkvæmdastjóri léti af störfum. Laun og launatengd gjöld vegna starfsloka Valdimars Ármann hafa verið gjaldfærð í ársreikningnum.

Stjórn félagsins hefur samþykkt starfsreglur um kaupauka í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016 og eru þær staðfestar af FME. Á árinu 2019 voru engir kaupaukar gjaldfærðir (64,8 millj. kr. árið 2018) vegna kaupaukakerfis að launatengdum gjöldum meðtoldum. Greiðslu 40% kaupaukans frá 2018 var frestað um þrjú ár í samræmi við reglur FME. Í lok árs 2019 var uppsöfnuð skuldbinding vegna kaupaukakerfis 33,3 millj. kr. (33,3 millj. kr. í árslok 2018).

3. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikning samstæðu greinist þannig:

	2019		2018	
Tap reglulegrar starfsemi fyrir tekjuskatt	(375.703)		(203.339)	
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0%	(75.141)	20,0%	(40.668)
Afkoma dótturfélaga	(4,5%)	16.992	(51,9%)	105.433
Ófrádráttarbær kostnaður	(0,0%)	57	(0,6%)	1.153
Aðrir liðir	1,3%	(4.784)	0,5%	(1.055)
	16,7%	(62.876)	(31,9%)	64.863

Skýringar, frh.:

4. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur greinast þannig:

	samstæða 2019	samstæða 2018	móðurfélag 2019	móðurfélag 2018
Hagnaður af verðbréfaeign	0	53.747	0	53.747
Vaxtatekjur af kröfum og bankareikningum	3.399	25.945	3.389	22.910
	<u>3.399</u>	<u>79.692</u>	<u>3.389</u>	<u>76.657</u>
 Vaxtagjöld af vaxtaberandi skuldum	192.126	138.325	192.048	137.696
Gengismunur	61.425	(9.493)	68.538	(4.800)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>253.551</u>	<u>128.832</u>	<u>260.585</u>	<u>132.896</u>
 Hrein fjármagnsgjöld	<u>(250.152)</u>	<u>(49.140)</u>	<u>(257.196)</u>	<u>(56.239)</u>

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir móðurfélagsins greinast þannig:

2019

	Fasteign	Innréttigar, áhöld, tæki og listmunir	Samtals
Staða 1.1.2019	383.813	164.101	547.915
Afskrifað á árinu	(4.609)	(28.620)	(33.229)
Afskrift af sérstöku endurmati	(3.520)	0	(3.520)
Staða 31.12.2019 móðurfélag	<u>375.683</u>	<u>135.482</u>	<u>511.165</u>
Viðbót vegna dótturfélaga	0	562	562
Staða 31.12.2019 samstæða	<u>375.683</u>	<u>136.044</u>	<u>511.727</u>
 Stofnverð 31.12.2019	230.469	292.364	522.833
Sérstakt endurmat	176.006	0	176.006
Upp safnaðar afskriftir 31.12.2019	(30.792)	(156.882)	(187.674)
	<u>375.683</u>	<u>135.482</u>	<u>511.165</u>

2018

Staða 1.1.2018	212.417	173.605	386.022
Keypt á árinu	0	14.721	14.721
Sérstakt endurmat 31.12.2018	176.006	0	176.006
Afskrifað á árinu	(4.609)	(24.225)	(28.835)
Staða 31.12.2018 móðurfélag	<u>383.814</u>	<u>164.101</u>	<u>547.915</u>
Viðbót vegna dótturfélaga	0	5.742	5.742
Staða 31.12.2018 samstæða	<u>383.814</u>	<u>169.843</u>	<u>553.657</u>
 Stofnverð 31.12.2018	230.470	292.364	522.834
Sérstakt endurmat	176.006	0	176.006
Upp safnaðar afskriftir 31.12.2018	(22.663)	(128.262)	(150.925)
	<u>383.813</u>	<u>164.102</u>	<u>547.915</u>
 Afskriftahlutfall	2%	0-25%	

Fasteignamat fasteignar félagsins nam 247,6 millj. kr. í árslok 2019 og brunabótamat var 235,4 millj. kr. á sama tíma.

Skýringar, frh.:

6. Langtímakröfur

Langtímakröfur á fagfjárfestasjóði eru til komnar vegna ákvæða um árangurstengda þóknun GAMMA Capital Management hf. sem tekur mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið. Kröfurnar eru því ekki til greiðslu fyrr en við slit sjóða (ef forsendur fyrir sílkri greiðslu eru þá fyrir hendí) og geta bæði hækkað og lækkað eftir ávöxtun sjóðanna.

7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfæign félagsins samanstendur af hlutdeildarskíteinum í fagfjárfestasjóðum að fjárhæð 204.831 þús. kr. Hlutdeildarskíteini eru metin á markaðsverði í árslok. Breyting verðbréfæignar greinist þannig á árinu:

	samstæða 2019	samstæða 2018	móðurfélag 2019	móðurfélag 2018
Staða í ársbyrjun	880.614	917.796	866.990	917.796
Leiðrétt flokkun	(11.125)	0	0	0
Keypt verðbréf	44.369	45.749	44.369	32.125
Seld verðbréf	(630.524)	(118.646)	(630.524)	(118.646)
Gengisbreyting verðbréfa	(78.504)	35.715	(77.254)	35.715
Staða í árslok	204.830	880.614	203.581	866.990

8. Hlutafé

Hlutafé félagsins nemur 33.859 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félagini. Í árslok 2019 átti félagið eigin hlutabréf að nafnverði 2.200 þús. kr. eða 6,5% af útgefnu hlutafé og er staðan óbreytt frá áramótum.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé *	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2019						
Eigið fé 1.1.2019	31.659	58.984	8.465	345.656	1.482.145	1.926.910
Sérstakt endurmat				(2.816)	2.816	0
Þýðingarmunur						0
Afkoma ársins				(172.626)	(143.700)	(316.326)
Eigið fé 31.12.2019	31.659	58.984	8.465	170.214	1.341.261	1.610.583
2018						
Eigið fé 1.1.2018	31.659	58.984	8.465	169.136	1.786.063	2.054.307
Sérstakt endurmat				140.805		140.805
Afkoma ársins				35.715	(303.918)	(268.203)
Eigið fé 31.12.2018	31.659	58.984	8.465	345.656	1.482.145	1.926.910

* Bundið eigið fé samanstendur af bundnum gangvirðisreikningi að fjárhæð 32.225 þús. kr. (2018: 204.851 þús. kr.) og sérstökum endurmatsreikningi vegna endurmats á fasteign félagsins að fjárhæð 137.989 þús. kr. (2018: 140.805 þús kr.).

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjármálagerningum tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á.

Skýringar, frh.:

10. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall GAMMA Capital Management hf. sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 55,8% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8,0% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	2019	2018
Eiginfjárgrunnur samtals	1.610.583	1.926.910
Eiginfjárkrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta	230.718	328.437
Eiginfjárkrafa samtals	<u>230.718</u>	<u>328.437</u>
Eiginfjárkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað	222.046	252.236
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjákröfu	1.379.864	1.674.674
Eiginfjárlutfall	55,8%	46,9%

Samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir móðurfélags og samstæðu greinast þannig:

Staða
2019 Staða
2018

Skammtímaskuldir greinast þannig:

Skuldir við móðurfélag	663.504	0
Skuldir við aðra	0	1.078.333

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	0	1.078.333
Árið 2020	663.504	0

12. Skattamál

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður til gjalda í rekstrarreikning. Tekjuskattur að fjárhæð 136,3 kr. er til greiðslu á árinu 2020 vegna rekstrar ársins 2019 (28,5 millj. kr. árið 2019 vegna rekstrar 2018).

13. Veðsetningar

Fasteign félagsins hefur verið veðsett til tryggingar skuldum félagsins að eftirstöðvum 663 millj. kr. í árslok 2019.

Skýringar, frh.:

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar GAMMA Capital Management hf. eru stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, stórir hluthafar, einstaklingar sem tengjast þessum aðilum nánum fjölskylduböndum sem og félög undir yfirráðum framangreindra aðila. Enn fremur sjóðir í rekstri GAMMA Capital Management hf.

	Þóknana- tekjur	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hlutdeildar- skírteini	Eignir	Skuldir
2019						
Sjóðir í rekstri						
GAMMA Capital Management ..	574.621	0	0	203.431	897.543	0
Langtímakröfur á sjóði						
vegna árangurstengingar	0	0	0	0	759.491	0
Móðurfélag	0	0	30.858	0	0	754.676
Aðrir tengdir aðilar	0	0	0	0	256.689	23.728
2018						
Sjóðir í rekstri						
GAMMA Capital Management ..	1.301.568	19.294	0	866.840	388.643	0
Langtímakröfur á sjóði						
vegna árangurstengingar	0	0	0	0	1.611.522	0
Aðrir tengdir aðilar	0	2.792	0	0	74.747	0

15. Önnur mál

Í september 2019 kom í ljós að staða tveggja fagfjárfestasjóða í rekstri félagsins, þ.e. GAMMA: Novus og GAMMA: Anglia, fyrir rekstrartímabilið 1. janúar - 30. júní 2019 var verri en áður var gert ráð fyrir. Áhrif endurmats á stöðu þeirra sjóða, sem tilkynnt var um í lok september 2019, breytti afkomu félagsins á fyrrí hluta ársins 2019 þannig að rétt þótti að endurútgefa A-hluta árshlutareiknings fyrrí fyrrí helming 2019. Skrifð var undir endurútgefinn árshlutareikning félagsins þann 3. desember 2019.

16. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningnum.

Yfirlýsing um stjórnarhætti - óendurskoðuð

GAMMA Capital Management hf. hefur hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út á vegum Viðskiptaráðs Íslands eins og gert er grein fyrir í yfirlýsingu þessari. Góðir stjórnarhættir eru nú aðgengilegir í 5. útgáfu frá maí 2015, á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands <http://www.vi.is>. Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttu GAMMA Capital Management hf. og tekur umfjöllunin mið af fyrnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja að því marki sem við á.

Til viðbótar við 5. útgáfu stjórnarháttu fyrirtækja starfar GAMMA Capital Management hf. m.a. á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. GAMMA Capital Management hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitnu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. c-lið og d-lið 6. tölul. og 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Starfsleyfi GAMMA Capital Management hf. tekur til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og umsýslu í tengslum við hluti og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi GAMMA Capital Management hf. eins og lög gera ráð fyrir, þar á meðal á grundvelli laga um nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is>.

Vegna smæðar og þar sem GAMMA Capital Management hf. er ekki skráð í kauphöll víkur félagið frá ýmsum ákvæðum í Leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands. Stjórn starfrækir ekki undirnefndir.

Í ljósi þess að hluthafar félagsins eru aðeins tveir er vikið frá tilteknum atríðum í Leiðbeiningunum í tengslum við hluthafafundi. Til að mynda hefur ekki verið þörf á því að halda hluthafafundi með rafrænum hætti, og ekki eru birt á vefsíðu dagsetning aðalfundar, starfskjærastefna, upplýsingar um framboð til stjórnar eða frestur til að leggja fram mál.

Stjórn GAMMA Capital Management hf. ber ábyrgð á að koma á fót kerfi fyrir áhættustýringu og innra eftirliti og fylgjast með virkni þess. GAMMA Capital Management hf. setur innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar á meðal áhættustefnu, áhættustýringarreglur og lausafjárstefnu. Áhættustýring félagsins ber ábyrgð á að bera kennsl á hvers konar áhættu félagsins og sjóða í rekstri þess, að meta hana og stýra henni í samvinnu við framkvæmdastjóra GAMMA Capital Management hf.

Regluvörður hefur eftirlit með fylgni félagsins við lög og reglur og með því að innri reglum félagsins sé fylgt í ákvarðanatöku og allri starfsemi félagsins.

Árlega er gerð áætlun fyrir rekstur næsta árs. Rekstur GAMMA Capital Management hf. í heild og hvers sjóðs er gerður upp mánaðarlega, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlunar, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða.

Margvíslegum þáttum í rekstri GAMMA Capital Management hf. hefur verið útvistað. Á árinu var regluvörsu og innri endurskoðun útvistað til Kviku banka hf., móðurfélags félagsins. Innri endurskoðun styðst við alþjóðastaðla um innri endurskoðun (IPPF), fylgir leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008 um endurskoðunardeildir fjármálafyrirtækja og 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Innri endurskoðandi framkvæmir eigin úttekt á hverju ári og skilar niðurstöðum beint til stjórnar GAMMA Capital Management hf. Könnun árshlutareikninga og endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum endurskoðunarfirmans KPMG ehf.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:

Stjórn félagsins hefur sett sér skrifleg viðmið og stefnu um siðferði og samfélagslega ábyrgð þar sem gildi félagsins og siðferðisleg viðmið eru skilgreind. Gildi GAMMA Capital Management hf. eru m.a. að félagið hafi hag sjóðsfélaga í fyrirrúmi við stýringu sjóða og skulu starfsmenn félagsins í hvívetna hafa heiðarleika að leiðarljósí í störfum sínum.

GAMMA Capital Management hf. hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Jafnframt hefur stjórn félagsins sett verklagsreglur um eigin viðskipti starfsmanna og tengdra aðila, og reglur um atvinnubáttöku starfsmanna. Markmið þessara reglna er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika.

Þá hefur stjórn sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem kveðið er á um störf hennar. Starfsreglurnar fjalla m.a. um megin skyldustörf stjórnar, skipan stjórnar og verkaskiptingu, hlutverk stjórnarformanns, réttindi og skyldur stjórnarmanna, venslaða aðila og viðskipti venslaðra aðila, vanhæfi, viðskiptaerindi stjórnarmanna, stjórnarfundi, boðun þeirra og fundargögn, fundargerðir, framkvæmdastjóra, árangursmat, starfsáætlun og upplýsingagjöf, móttöku nýrra stjórnarmanna og stjórnarsetu í dótturfélögum. Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsméðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfseminni. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við GAMMA Capital Management hf. og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, gamma.is.

Stjórn GAMMA framkvæmir reglulega sjálfsmat á árangri sínum á liðnu ári.

Í stjórn GAMMA Capital Management hf. sitja þrír aðalmenn og tveir varamenn en þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri og fjárfestingarstjóri sitja stjórnarfundi ásamt lögræðingi félagsins sem ritar fundargerð. Stjórn GAMMA Capital Management hf. fundar að jafnaði mánaðarlega og oftar ef þurfa þykir og fundaði stjórnin 35 sinnum á árinu 2019. Stjórn GAMMA Capital Management hf. stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður starfskjör hans og veitir prókúrumboð. Vegna úrsagnar úr stjórn hefur stjórn frá janúar 2020 verið skipuð tveimur aðalmönnum, þar til nýr aðalmaður hefur verið kjörinn í stjórn.

